

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 362 — 349. mál.

Fyrirspurn

**til mennta- og barnamálaráðherra um kennslu um kynheilbrigði
og virkar ofbeldisforvarnir.**

Frá Bryndísi Haraldsdóttur.

Hefur mennta- og barnamálaráðuneytið fylgt eftir tillögum starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra um markvissa kennslu um kynheilbrigði og ofbeldisforvarnir í grunn- og framhaldsskóla frá 6. júlí 2021? Ef svo er, hvernig? Óskað er eftir útskýringu fyrir hverja tillögu starfshópsins.

Skriflegt svar óskast.